



FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 18. apríl 2005, kl 17:30.

Mætt: Ólafur Elísson, Helga Björk Ólafsdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Gylfi Sigurðsson, Guðrún Lena Eyjólfsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

1. Skólameistari lagði fram eftirfarandi yfirlit um skólastarfið:

Skólameistari ásamt aðstoðarmeistara sóttu fund í menntamálaráðuneytinu 4. apríl þar sem farið var yfir uppgjör síðasta árs og áætlanir yfirstandandi árs, ásamt stöðu helstu viðfangsefna gildandi skólasamnings. Fram kom að ekki fengist leyfi til að stofna námsbraut í viðburðastjórnun, eins og sótt hafði verið um. Hinsvegar var gefið vilyrði fyrir því að slíkt nám mætti fella undir félags og tólmstundabraut, sem til er í aðalnámskrá. Skólameistari og aðst.meistari sóttu einnig fund í Félagi íslenskra framhaldsskóla sama dag, þar sem fjallað var um hlutverk þess félags og framtíð. Þrír kennarar, Ragnar, Helga Kristín og Elliði ásamt þremur nemendum fóru til Svíþjóðar dagana 5. – 10. apríl á fund samstarfsskóla í MTC verkefninu. Gekk ferðin vel og stóð okkar fólk sig með þryði.

Íþróttakennari fékk að fara með ÍBV til Portúgal í æfingaferð dagana 5. – 12. apríl og var skipulögð danskennsla fyrir nemendur í stað íþróttá á meðan. Var það athyglisverð tilraun og líklegt að eitthvað framhald verði reynt á sviði dansmennta.

Samstarfsnefndarfundur framhaldsskóla (ráðherra, ráðuneytisfólk og skólameistarar) var haldinn 11. apríl. Farið var yfir stöðu mála varðandi styttingu náms til stúdentsprófs og ráðherra svaraði fyrirspurnum þar um. Einnig var fjallað um innritun á þessu vori, sem verður rafræn, um fjármál skólanna, uppgjör ársins 2004 og sérdeildir ofl. Fundur var haldinn á Hvolsvelli 14. apríl um hugsanlega fjarkennslu til nemenda á fyrsta ári þar. Málið er í vinnslu og frekari fundir fyrirhugaðir.

Framundan eru svo kennslulok þann 4. maí, próf byrja 6. maí og útskrift verður 21. maí kl 11:00 f. hádegi, 12 stúdentar og 4 – 5 vélstjórar af 2. stigi.

Auglýstar hafa verið lausar stöður leiðbeinenda, umsóknarfrestur til 8. maí.

2. Umræða um styttingu náms til stúdentsprófs.

Skólameistari lagði fram nokkra lykilpunkta um málið og punkta frá fundi ráðherra um málið 11. apríl sl, þar sem meðal annars kom fram að frumvarp um þessar breytingar verður ekki lagt fram á yfirstandandi þingi. Nefndarmenn ræddu ýmsa fleti málsins og lýstu áhyggjum yfir þeim áhrifum er styttingin kynni að hafa á okkar skóla.

3. Framkvæmdir sumarsins og skoðun á húsnæði skólans.

Farið var yfir fyrirhugaðar breytingar (innan húss) og viðhaldsverk sumarsins. Til stendur að færa kennarastofu og bókasafn til að fá betri nýtingu á húsinu. Nefndarmenn fóru síðan í stutta vettvangsskoðun.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:00
Ólafur H. Sigurjónsson.